



LEB

Landssamband eldri borgara

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax:+3545515835
Símar: +3545677111/ +3548599711
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Alþingi
Erindi nr. P 143/1527
komudagur 8.4.2014

Velferðarnefnd Alþingis.

Umsögn Landssambands eldri borgara um mál nr. 378. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. (aldursákvæði o.fl.)

Landssamband eldri borgara lýsir yfir ánægju með þá breytingu sem hér er verið að leggja til. Í þeim lögum sem hér er verið að breyta hefur verið miðað við 70 ára starfsaldur og síðan hægt að sækja um undanþágu. Hér er aftur á móti sett fram að fólk hafi leyfi til starfa til 75 ára en síðan taki við undanþáguákvæði um lengingu starfsins. Þá er eðlilegt að fram fari reglulegt hæfnismat eftir að lögbundnum starfsaldri er náð. Landssambandið hefur í mörg ár talað fyrir því að starfsaldur væri sveigjanlegri og ekki alfarið bundinn við 70 ár. Þetta ákvæði hefur verið sérstaklega strangt hvað varðar opinbera starfsmenn. Með hækkandi meðalaldri, betri lífslíkum og betra heilsufari almennt meðal þjóðarinnar, er þörf á að þessu aldursákvæði verði breytt hjá fleiri starfsstéttum. Við leggjum áherslu á að fólk hafi val um það hvenær það hættir þátttöku á vinnumarkaði, og það fari eftir ástæðum og annarri aðstöðu hvers og eins, hvenær hann/hún velur að hætta störfum.

Landssamband eldri borgara leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 8.apríl 2014

F.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB



LEB

Landssamband eldri borgara

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax:+3545515835
Símar: +3545677111/ +3548599711
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is